

Ed. **551. Breytingartillögur** [57. mál]

við frv. til l. um breyt. á lögum nr. 75 13. maí 1966, um Fiskveiðasjóð Íslands.

Frá meiri hl. sjávarútvegsnefndar (JÁ, JÁH, SvG, AJ).

1. Við 1. gr. Greinin orðist svo:
C-liður 4. gr. laganna orðist svo:
c. til viðbótar framlagi til sjóðsins samkvæmt b-lið greiðir ríkissjóður honum árlega 35 milljónir króna, í fyrsta skipti á árinu 1971.
2. Við 2. gr. Greinin orðist svo:
Lög þessi öðlast þegar gildi.
3. Aftan við frv. komi ákvæði til bráðabirgða, svo hljóðandi:
Framlag ríkissjóðs samkvæmt c-lið 4. gr. laganna fellur niður fyrir árin 1969 og 1970.